

Ásahreppur
Laugaland
851 Hella

Garðabær, 16. október 2024
Málsnúmer: 202409-0056
IAS

Efni: Holtamannafréttur, Búðarháls. Skilgreining efnistökusvæðis. Skipulagslýsing.

Vísað er í erindi frá Ásahreppi, frá 26. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á Aðalskipulagi Ásahrepps.

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Gerð verður breyting á stærð efnistökusvæðis og því efnismagni sem heimilt er að taka úr efnistökusvæði E8 á austanverðum Búðarhálsi á Holtamannafrétti. Óbyggt svæði minnkar og mögulega skógræktar- og landgræðslusvæði, ásamt því að hverfisvernd verður aflétt af efnistökusvæði.

Á árunum 1997-1998 var tekið efni úr námunni vegna framkvæmda í tengslum við gerð Búðarhálsstöðvar og Sporðöldulóns. Búið er að ganga frá svæðinu en ummerki um rask eru enn sýnileg á landinu. Vegna viðhalds á núverandi stíflum og gerð nýrra stíflna er þörf á efni sem hentar til slíkra framkvæmda, og er það að finna í námunni. Efnistökusvæðið E8 er stækkað úr 1 ha í 2,3 ha og heimilað að taka allt að 49.000 m³ af efni í stað 10.000 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í lýsingunni er um að ræða eldri frágengna námu sem verður opnuð aftur og stækkuð og er svæðið inn hverfisverndarsvæðisins HV4, Búðarháls-Þóristungur, en um það segir:

„Landsvæðið milli Þjórsár og Köldukvíslar auk Þóristungna. Nær norður undir Svartagil. Áhugavert gönguland, gljúfur og fossar í Þjórsá og Köldukvísl. Sögu og menningarminjar s.s. Kláfurinn á Tungnaá og minjar við Hald. Stórt lítt raskað víðerni og gróður sem hefur hátt eða mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortlagningu. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Ganga skal frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má. Forðast skal allt rask á gróðri. Tryggja skal góðan frágang fráveitu. Heimilar eru endurbættar á mannvirkjum og viðhald á vegum og slóðum. Heimilar eru landgræðsluðgerðir í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt og skógrækt með Tungnaá til bindingar kolefnis. Stærð svæðis er um 253 km².“


Efnistökusvæðið er því á landi sem að hluta til hefur þegar verið raskað, það er ekki innan annarra verndarsvæða og þar eru ekki vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Svæðið er á hálendinu og við Sprengisandsleið og því líklegt að ásýndaráhrif verði nokkur, sérstaklega á meðan á vinnslu stendur.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sýnir að starungsmýravist finnst á svæðinu en hún hefur mjög hátt verndargildi. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun, sem



reyndist miserfitt eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir. Náttúrufræðistofnun leggur til að við skipulagsvinnuna verði kannað hvort votlendi sé að finna á svæðinu og ef svo er ætti að forðast röskun á því eins og kostur er, þó það nái ekki stærðarviðmiðum til að falla undir ákvæði um sérstaka vernd.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

